

**Efnahags- og
viðskiptaráðuneyti**

Minnisblað

Viðtakandi: Viðskiptanefnd Alþingis
Sendandi: Efnahags- og viðskiptaráðuneytið
Dagsetning: 25.11.2010
Málsnúmer: EVR10090112
Bréfalykill: 7.1

Efni: Frumvarp til breytinga á samkeppnislögum - Samrunatilkynningar

Frumvarp til breytinga á samkeppnislögum - Samrunatilkynningar

Minnisblað þetta er sent viðskiptanefnd Alþingis í kjölfar nefndarfundar 25. nóvember 2010 þar sem rætt var um frumvarp til laga um breytingu á samkeppnislögum nr. 44/2005, með síðari breytingum, þskj. 144 - 131. mál.

Breyting á 3. gr. frumvarpsins

Í 3. gr. fyrrgreinds frumvarps er lagt til að fyrirtæki sem tilkynnir samruna skuli greiða samrunagjald. Síðan segir að gjaldið nemi 250.000 kr. fyrir hvert fyrirtæki sem tekur þátt í samrunanum. Hugsun ráðuneytisins, líkt og fram kemur í greinargerð, var sú að einungis skyldi greiða fyrir hverja tilkynningu en ekki samkvæmt fjölda fyrirtækja sem að samrunanum standa. Sú hugsun endurspeglast hins vegar ekki frumvarpstextanum og biðst ráðuneytið afsökunar á því. Af þeim sökum óskar ráðuneytið eftir því við viðskiptanefnd að ákvæði 3. gr. frumvarpsins verði breytt til að samræmast þessari hugsun og orðist þá svo:

Fyrirtæki sem tilkynnir samruna skv. 17. gr. a skal greiða samrunagjald og nemur gjaldið 250.000 kr. fyrir hverja samrunatilkynningu. Gjaldið er greitt við afhendingu samrunatilkynningar og rennur það í ríkissjóð.

Reglur um samrunatilkynningar

Í 17. gr. b samkeppnislaga er fjallað um það hvaða aðila beri að tilkynna um samruna, en þar segir í 1. og 2. mgr.:

Ef um er að ræða samruna í skilningi a-liðar 1. mgr. 17. gr. eða öflum sameiginlegra yfirráða í skilningi c-liðar sömu málsgreinar skulu aðilar samrunans eða þeir sem ná sameiginlega yfirráðum, eftir því sem við á, ganga sameiginlega frá tilkynningu um samrunann. Eignist fyrirtæki ráðandi hlut í öðru fyrirtæki skal fyrirtækið sem stóð að yfirtökum ganga frá tilkynningu um samruna. Sé um yfirtökubod í fyrirtæki að ræða skal bjóðandi ganga frá tilkynningu.

Reglur um það hvaða aðila eða aðilum ber að tilkynna um samruna eru því skýrar og einungis um eina samrunatilkynningu að ræða fyrir hvern samruna, óháð því hversu margir aðilar standa að honum. Samkvæmt upplýsingum frá Samkeppniseftirlitinu geta hins vega í einstaka tilfellum komið upp vafatilvik um það hver á tilkynna en slíkur vafi er þá leystur með samkomulagi þeirra aðila sem um ræðir.